

REGLUR

um verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Þá gilda reglur þessar um váttryggingasamstæður, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

2. gr.

Verklag, framsetning og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal váttryggingafélag eigi síðar en 14 vikum eftir lok reikningsárs birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður ber hluteignarfélag, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði og blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í váttryggingasamstæðu ábyrgð á að birta árlega opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu á samstæðugrundvelli. Reglur þessar eru settar til að innleiða tæknilega framkvæmdarstaðla sem mæla fyrir um verklag, framsetningu og sniðmát vegna skýrslugjafarinnar.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/895 frá 4. apríl 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir birtingu upplýsinga frá váttrygginga- og endurtryggingafélögum um skýrslu þeirra um eigið gjaldþol og fjárhagsstöðu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2023 frá 27. október 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 93 frá 19. desember 2024, bls. 1597-1805.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4. mgr. 57. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og 5. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1115/2021 um verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

Seðlabanka Íslands, 19. desember 2024.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.